# Kynning á hlutverki öryggisteymis

[HTTP://WWW.NAPOFILM.NET/EN/NAPOS-FILMS/MULTIMEDIA-FILM-EPISODES-LISTING-VIEW?FILMID=NAPO-017-WORKING-TOGETHER](HTTP://WWW.NAPOFILM.NET/EN/NAPOS-FILMS/MULTIMEDIA-FILM-EPISODES-LISTING-VIEW?FILMID=NAPO-017-WORKING-TOGETHER)

ÖRYGGISGAURINN NAPO





# Öryggisteymi

Öryggistrúnaðarmaður er fulltrúi starfsmanna

Öryggisvörður er fulltrúi atvinnurekanda

Tveir öryggisverðir og

tveir öryggistrúnaðarmenn



# Vinnuverndarfulltrúi

- er hver sá einstaklingur sem sinnir vinnuvernd á
- **Öryggistrúnaðarmaður/öryggisvörður**
- Fulltrúi í öryggisnefnd
- Fulltrúi í starfsmannahaldi
- Félagslegur trúnaðarmaður
- Hugtakið vinnuverndarfulltrúi er skilgreint með þessum hætti í reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum

# Helstu verkefni öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða

- Taka þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem felur í sér áhættumat og áætlun um heilsuvernd og forvarnir.
- Að fylgjast með hvernig þessari áætlun er framfylgt.
- Fara í eftirlitsferð um vinnustaðinn svo oft sem þurfa þykir.

# Þættir sem öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir þurfa sérstaklega að fylgjast með:

- Vélar og tæknibúnaður, hættuleg efni og að starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu
- Öryggisbúnaður og persónuhlífar séu til staðar, í góðu ástandi og í notkun
- Ekki viðgangist ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi á vinnustaðnum
- Starfsmönnum sé kynnt sú áhætta sem er á vinnustaðnum að því er varðar öryggi þeirra og heilsu

# Frh. þættir sem þarf að fylgjast með:

- Starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og  þjálfun með tilliti til aðbúnaðar, hollustuháttа og öryggis á vinnustað
- Til staðar sé neyðaráætlun
- Leitað verði eftir umsögn Vinnueftirlitsins um umtalsverðar breytingar á fyrirtækinu
- Skráningu vinnuslysa, óhappa og atvinnusjúkdóma sé sinnt

# Tilkynning vinnuslysa

- Tilkynna skal til Vinnueftirlitsins:
- slys sem valda fjarvist einn dag auk slysadagsins (eigi síðar en innan 7 daga frá slysinu)
- alvarleg slys skal tilkynna strax og bréflega innan 7 daga
- Alvarleg slys eru: Áverkar sem valda langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, t.d. Missir útlims,beinbrot, sár, alvarleg augnslys, meiriháttar innvortis meiðsli……

# Öryggistrúnaðarmaður/-vörður skal

- fá **tíma til að sinna starfi sem slíkur**
- fá **tækifæri til að afla sér þekkingar og** menntunar t.d. með því að sækja námskeið Vinnueftirlitsins
- fá **upplýsingar um vinnuslys, atvinnusjúkdóma,**óhöpp, niðurstöður mælinga og rannsókna, bilanir, hættulegar aðstæður, meiri háttar framkvæmdir eða breytingar og fyrirmæli Vinnueftirlitsins

# Öryggistrúnaðarmaður/-vörður skal

- fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri
- fá aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum sem varða vinnuvernd
- njóta lögbundinna réttinda
- Ath. atvinnurekandi ber kostnað af starfi **öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða að bættu** starfsumhverfi

# Öryggisnefnd

- kýs sér formann og ritara til eins árs í senn og heldur fundi ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári
- - tekur til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi og þá sérstaklega slys, óhöpp og atvinnusjúkdómstilfelli (orsök – úrbætur)
- - tekur afstöðu til erinda frá starfsfólki og setur fram tillögur um úrbætur ef þurfa þykir
- - tekur breytingar á rekstri og meiriháttar framkvæmdir til umfjöllunar
- - heldur gerðarbók sem starfsmönnum Vinnueftirlitsins er heimill aðgangur að

# Atvinnurekandi/forstöðumaður skal meðal annars:

- tryggja góðan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi
- - tryggja að fræðsla berist réttum aðilum
- - tryggja að upplýsingar berist réttum aðilum
- - tryggja samstarf um öryggis- og aðbúnaðarmál
- - fullnægja tilkynningaskyldu til Vinnueftirlitsins

# Almennir starfsmenn bera líka ábyrgð

- \- taka þátt í samstarfi sem miðar að bættu starfsumhverfi
- stuðla að fullnægjandi starfsskilyrðum innan eigin verksviðs
- \- stuðla að því að ráðstöfunum, sem gerðar eru til að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, sé framfylgt
- \- tilkynna um varasama ágalla

# Ábyrgð á vinnustað



# Líðan í vinnu

- Áhættuþættir í vinnuumhverfinu
- Menning/samskipti
- Einkalífið < - > vinnan
- Heilsufar – veikindi

# Streita

- **Jákvæðir þættir**
- – frumkvæði
- – elja
- – áhugi
- – kraftur
- **Neikvæðir þættir**
- dæmi:
- – áhyggjur
- – kvíði
- – ójafnvægi
- – ónógur svefn
- – líkamleg vanlíðan

# Áhrifaþættir streitu

- **Orsök**
- – álag og miklar kröfur – margir
- gera kröfur á sama tíma
- – slæm samskipti
- – óljós starfshlutverk
- – lélegt vinnuskipulag, lítið
- **sjálfræði**
- – erfiðar aðstæður í einkalífi
- – stöðugt áreiti – erfiðir kúnnar
- – langur vinnutími
- **Afleiðing**
- veikindi - andlegir og
- líkamlegir erfiðleikar
- einelti/kulnun og innri
- uppsögn
- verkkvíði

# Afleiðingar streitu

- Vöðvaspenna og höfuðverkir
- Hækkaður blóðþrýstingur
- Sviti
- Meltingar- og svefntruflanir
- Áhættuhegðun (reykingar,misnotkun lyfja, áfengis- og
- vímuefnanotkun) – hættara við slysum
- Hjarta- og æðasjúkdómar
- Veikara ónæmiskerfi
- Verkkvíði - þunglyndi – skapstyggð
- Minnisleysi - gleymska - einbeitingarskortur

# Kulnun er ferli

- Áhugi – bjartsýni
- Efasemdir
- Vonbrigði
- Uppgjöf
- Sinnuleysi
- Kulnun
- Andleg örmögnun
- og starfsþrot

# Einkenni kulnunar

- Tilfinningaþrot – uppgjöf, neikvæðni, depurð/þunglyndi, kvíði,
- Líkamleg þreyta, síþreyta og svefnleysi
- Hlutgerving/áhorfandi – innri uppsögn
- Minni starfsánægja og minni trú á eigin getu í starfi og því sem viðkomandi hefur fram að færa

# Mikilvægt að skoða

- Markmið og kröfur –andlegar og félagslegar
- Sjálfsstjórn – sjálfræði
- Umbun
- Hvað veldur streitu og óánægju
- Félagslegan stuðning
- Samskipti
- Hlutverkalýsingar –t.d. óljós starfssvið
- Upplýsingaflæði

# Vinna gegn streitu og kulnun

- Atvinnurekendur og starfsmenn bera ábyrgð og eru virkir þátttakendur
- Jákvæð samskipti milli stjórnenda og starfsmanna
- Fræðsla
- Heilsusamlegur lífsstíll

# Vinna gegn streitu frh.

- Mikilvægt að kanna stöðu mála og gera áhættumat – þar sem félagslegum og andlegum aðbúnaði er gerð viðhlítandi skil og í framhaldi af því forvarnaráætlun
- Vinnuverndarstefna tekur m.a. til streitu og kulnunar
- Vinnureglur td. um samskipti, einelti og áfengis- og vímuefnanotkun
- Markvissar aðgerðir og streitustjórnun

# Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustað

- Starfsmenn eiga njóta verndar gegn andlegri og
- líkamlegri áreitni.
- Reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum

# Einelti getur tekið á sig margar myndir

- baktal, slúður, útúrsnúningar og þöggun
- einangrun og útilokun
- úthlutun verkefna (of fá eða of mörg)
- stöðug gagnrýni og stríðni
- líkamlegt ofbeldi – kynferðisleg áreitni
- geðheilsa dregin í efa
- útilokun frá veislum, fundum eða ferðum
- niðurlæging í návist annarra

# Hvað er kynferðisleg áreitni?

- Kynferðisleg áreitni er öll óvelkomin hegðun af kynferðislegum toga
- Birtingaformið getur verið eins fjölbreytt og mennirnir eru margir
- Framkoman er óvelkomin þeim sem fyrir henni verður
- Sérhver þolandi verður sjálfur að meta hvaða framkomu hann umber og frá hverjum
- Það er huglægt mat þolanda sem ræður hvort framkoman er kynferðisleg eða ekki

# Góðar samskiptareglur

- Taka vel á móti nýju starfsfólki.
- Nota uppbyggilega gagnrýni og vera jákvæð í garð hvers annars.
- Leitast við að draga fram jákvæðar hliðar samstarfsfólksins og fyrirtækisins innan þess og utan.
- Sýna hvert öðru gagnkvæma virðingu.

- Ábyrgð  Virðing  Vinátta

# Að lokum



- Njótum þess að vinna saman og hafa gaman

